

Fundargerð Stjórnar

Fundur haldinn í stjórn félags sumarhúsaeigenda í Hvammi (FSH) 17. janúar 2011. Fundurinn var haldinn í húsakynnum KPMG.

Á fundinn mættu: Birgir Benediktsson formaður, Bárður Sigurgeirsson ritari, Alexander Edvardsson gjaldkeri, Andri Árnason, Björn Magnússon, Arnar Jónsson, Skúli Már Sigurðsson. Bárður Sigurgeirsson, þurfti að víkja af fundi eftir umræðu um 1. lið.

1. Auglýsing vegna aðalskipulags fyrir Skorradalshrepp var rædd. Ritara var falið að semja drög að svari stjórnar FSH til Skorradalshrepps. Jafnframt var ákveðið að sett yrði tilkynning inná vef sumarhúsaeigenda í Hvammshlíð þar sem hægt væri að nálgast vefsíðutengil inn á aðalskipulagið.
2. Bréf frá byggingarfulltrúa varðandi lóð nr. 43 í Hvammskógi og lóð nr. 5 í Dynhvammi. Ekki var gerð athugasemd um sameiningu þessarar lóða.
3. Ósk landeigenda á lóð nr. 9 í Hvammskógi og lóð nr. 2 í Grenihvammi, um að greiða 1 félagsgjald fyrir 2 lóðir. Beiðninni var hafnað þar sem lóðirnar liggja ekki saman.
4. Ákveðið var að senda ekki greiðsluseðil til eiganda að lóð við Lerkihvamm, en eigandinn hefur ekki verið félagsmaður í FSH.
5. Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu. Í sjóði er um 1 milljón.
6. Reikningar frá Sigurður Péturssyni voru ræddir. Formaður tók að sér að yfirfara reikninga áður en þeir yrðu samþykktir til greiðslu.
7. Ræddar voru hugmyndir og verðtilboð vegna merkinga við tvær innkeyrslur í sumarhúsalandið. Niðurstaða fundarins var að ekki væri tímabært, né æskilegt að merkja lóðir með áberandi hætti á þar til gerð skilti. Afgreiðslu málsins var frestað.
8. Undir liðnum önnur mál, lagði formaður fram bréf frá eigendum að Hvammskógi 45. Í bréfinu var óskað eftir því að lokið verði við lagningu göngustíga, sem samþykktir hafa verið í núverandi skipulagi. Fram kom að það er vilji stjórnar að ljúka því verki í samræmi við samþykkt deiliskipulag.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Reykjavík 17. Janúar 2011.